

EYSTRAHORN

29.tbl. 41. árgangur

7.september 2023

www.eystrahorn.is



Mariútásur yfir Jökulfellsvelli
Ljósmynd eftir Lovísu Ósk Jónsdóttur

SAFNAMÁL OG ANNAD SKEMMTILEGT Í RÍKI VATNAJÖKULS

Eystrahorn er komið á vefinn og á baksíðunni er auglýsing um að Gamla búð sé til leigu fyrir viðurkennda starfsemi. Ég er dálítið hugs, enda bara leikmaður, um hvaða hlutverk ég vildi sjá þetta dýrmæta hús okkar innifela. Lengi hef ég undrast og dáðst að hvað íbúar þessarar sýslu urðu að leggja á sig til að komast í kaupstað. Hvort sem farið var austur eða suður. Yfir straumharðar, ískaldar jökulár og vegleysur. Þetta er saga sem mér þætti tímabært á koma á framfæri við gesti og gangandi og Gamla búð er tilvalið húsnæði til þess í öllu tilliti. Hægt væri að nýta nútíma tækni til að ná fram áhrifum af votviðri, stormi, og bara öllu því sem gæti mætt fólki á slíku ferðalagi, sem teldi vikur.



Einnig hefur sú hugmynd komið upp í minn koll að gera jökulánum okkar góð skil og sé ég fyrir mér að menn tækju sig saman skiptu liði og væri tekið myndarlegt vatnssýni úr hverri á tiltekinn dag á sama tíma úr sýslunni allri. Þetta er einfalt að gera og pottþétt væri hægt að fá mannskap í svona verkefni. Síðan má koma vatni úr hverri á í t.d sívalninga gegnsæja þar sem hægt væri að bera saman hvort vatnið væri mismunandi úr hverri á og framburður jarðefna. Merkja vel og tengja við verslunarferðirnar, og smalamennsku sem dæmi. Ég læt þessar hugmyndir koma fyrir ykkar sjónir kærur lesendur Eystrahorns og gaman væri, ef fleiri en ég hafi framtíðarsýn á safnamál í viðum skilningi og vilji deila með okkur.

Guðrún Ingimundardóttir eftirlaunabegi



**Bifreiðaskoðun á Höfn
18., 19. og 20. september.**

Tímamantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 15. september.

Næsta skoðun 16., 17. og 18. október.

Þegar vel er skoðað

ANUBIS ehf.

Garðshorn, 781 Höfn
Sími: +354 856 2666
E-mail: anubis.ehf@gmail.com
Vefsíða: anubis.is

Tarot lestur / Tarot reading
Proskapjálfun / Development training
Málverk / Painting
Talnafræði / Numerology

Fyrir frekari upplýsingar, skoðaðu heimsíðu okkar /
For more information, visit our website





MÁLFRÍÐUR MALAR

Hellú hellú

Nú var ég að hrósa nýju finu áttavitunum hér um daginn, sem fékk mig til að virða fyrir mér upplýsingaskilti sveitarfélagsins svona almennt með augum ferðafólks. Ég verð nú bara að segja að þar er hægt að gera mun betur. Fyrsta skiltið inn í bæinn, sem á að leiðbeina gestum hingað og upplýsa þá um hitt og þetta sem við höfum uppá að bjóða er hreinlega ónýtt. Myndin sem einhvern tímann var þar eflaust mjög fín er svo veðurbarin að það varla sést í hana lengur. Þar að auki er þýska þýðingin hreinlega röng, “Velkomin til hafnarinnar” segjum við þýskumælandi

gestum okkar, er ekki lágmark að hafa þetta rétt ef við ætlum að skreyta okkur með erlendum tungumálum? Svona hefur þetta staðið í fleiri fleiri ár! Fyrst við erum nú byrjuð á að bæta við nýjum upplýsingaskiltum er þá ekki lágmark að byrja á að uppfæra það sem fyrir er? Nei ég bara spyr, ef hliðið að húsinu mínu skemmist, þá laga ég það, (eða fæ einhvern til þess) eða sinni einfaldlega reglulegu viðhaldi svo hlutir skemmist ekki og verða ljótir. Hér sjáid þið mynd af skiltinu, þetta er auðvitað bara hrikalega ólekkert er það ekki?



En nú er nóg komið af rausinu í mér. Það er búið að vera sérlega skemmtilegt að deila með ykkur hugleiðingum mínum um allt og ekki neitt. Nú er ég bara búin að tæma tankinn og veturinn er líka að ganga í garð og veðrið að kólna, sem þýðir að frúin þarf að flýja land og finna sólina. Ég verð því ekki á svæðinu til þess að fylgjast með. Ég vona að þessir pistlar mínir hafi verið örlítið gagnlegir en fyrst og fremst skemmtilegir. Takk fyrir samfylgdina og lesturinn. Þangað til næst, sendi ég ykkur síðustu kveðjuna svo ég geti farið að skipuleggja erótíska kokteila og strandlífið sem fram undan er.

*Tútilídu - I love you....
Málfríður.*



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is
Pröfarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

UNGMENNARÁÐ HORNAFJARÐAR

UNGMENNAÞING

FYRIR UNGT FÓLK 13 - 24 ÁRA
BÚSETT Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU


Í NÝHEIMUM 08.09.23
08:30 - 13:00


Atvinnurekendur eru hvattir til þess að gefa starfsfólki á þessu aldursbili svigrúm til að mæta á ungmennapíng


Fólk af erlendum uppruna er sérstaklega hvatt til að mæta.

Youth council is for young people living in Austur-Skaftafellssýsla between the ages of 13 and 24. We welcome everyone to attend, especially people of foreign origin

1  Hvað er gott á Höfn?

2  Hvernig bætum við samfélagið?

2  Hvað má bæta á Höfn? Vantar einhvað?

4  Hvernig virkjum við sem fjölbreyttasta hóp ungmenna að taka þátt í samfélaginu?



Viltu verða barþjónn?

Viltu vinna þar sem partýið endar aldrei?
Hafinu vantar barþjóna!

Góð aukavinna um helgar

Hafið samband í síma 662-8281

Eða sendið tölvupóst á kartofluhusid@gmail.com

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

Við félagar höfum mætt á Minigolfvöllinn á þriðjudögum eftir hádegi og spilað saman og skemmt okkur. Ætlum að halda því áfram fram í haustið. Allir velkomnir.

Minigolfvöllurinn er að sjálfsögðu öllum opinn, allan daginn alla daga.

Gönguhópur félagsins er byrjaður að starfa. Gengið er á mánudögum og miðvikudögum kl 10:00. Gangan byrjar við Ekru. Fjölmönnum nú!

Handavinna spil og spjall á miðvikudögum e. hádegi eins og síðustu ár.

Dagvistin selur kaffi og meðlæti.

Heilsuþjálfun 60+ byrjaði í Sporthöllinni 5. sept
Er á þriðjudögum og fimmtudögum frá 10:30 til 12:00.

Þetta eru frábærir tímar hjá Kollu og myndaðist góður félagskapur síðasta vetur. Þetta er fyrir alla 60+ og eruð þið hvött til að mæta og allavega prófa. Við erum jú " Heilsueflandi samfélag."

Svo minnum við á Fésbókarsíðu félagsins sem er opin öllum félagsmönnum.





Hafnarkirkja

Sunnudaginn 10. september kl. 11:00

Messa

Væntanleg fermingarbörn
boðin velkomin

Fundur með væntanlegum
fermingarbörnum og foreldrum þeirra
verður strax að lokinni messu.



Við erum á Höfn

Ertu í sölu eða kaup hugleiðingum?
Vertu í bandi.



**Sólveig Regína
Biard**
Löggiltur fasteignasali

869-4879
solveig@trausti.is

Vegmúla 4, 108 Reykjavík

546-5050

www.trausti.is

KVENNAKÓR HORNAFJARÐAR

AÐALFUNDUR



Aðalfundur
Kvennakórs
Hornafjarðar
verður haldinn á
veitingastaðnum
Heppu 12. sept kl. 18:30.

Á dagskrá verða venjuleg
aðalfundarstörf og kynning
á starfi kórsins næsta starfsár.


Nýjar söngkonur eru hjartanlega
boðnar velkomnar í hópinn.

Í boði verða léttar veitingar.

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Steiktar gellur eftir Óla Björn Karlsson

Ég vil þakka Kollu og Inga fyrir að senda boltann á mig. Ég gef hann yfir á **Sævar Knút og fjölskyldu**



Hráefni

Gellur
Hveiti
Salt
Pipar
Hvítlauksduft
50 gr. smjör
Smá olía
1/2 sítróna
Steinselja
Klettasalat
Kirsuberjatómatar

Meðlæti: soðnar eða ofnsteiktar kartöflur skornar í báta með olíu og salti á 200° í 30 mín.

Aðferð

Tökum gellurnar og lemjum þær með kjöthamri létt einu sinni til tvisvar og þurrkum þær vel. Setjum hveiti í poka ásamt hvítlausdufti salti og pipar. Má krydda að vild. Setjið gellurnar í pokann og hristið. Smjör og smá olía á pönnu (betra meira en minna smjör af því við elskum smjör). Hitið pönnuna á góðum hita og látið krauma vel í smjörinu. Tínið gellurnar upp úr pokanum og dustið hveitið aðeins af. Steikið í 3-4 mín á hvorri hlið þar til þær verða brúnar og fallegar. Passið samt að þær brenni ekki. Að lokum er kreist ca 1/2 sítróna yfir. Skreytið með steinselju, klettasalati og kirsuberjatómötum.

Verði ykkur öllum að góðu.

SPURNING VIKUNNAR

Olís eða N1?



Anna Lára Grétarsdóttir
N1



Jón Halldór Lovíusson
Olís



Snæbjörn Brynjarsson
Hafnarbúðin



Eyrún Helga Ævarsdóttir
Hafið



ORÐALEIT

- HJÁRÆNULEGUR
- HJÓL
- HJÁVEITUAÐGERÐ
- HJÁVÍSINDI
- HJÓLATÍK
- ÓALANDI
- ÓÁKVEÐIN
- ÓÁFENGUR
- ÓÁREITTUR
- ÓBÓ



Við leitum að starfsfólki í veiðarfæragerð

Skinney-Þinganes hf. óskar eftir kraftmiklum og duglegum einstaklingum í störf hjá veiðarfæragerð félagsins á Höfn.

Einstaklingar af öllum kynjum er hvattir til þess að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Friðrik Þór Ingvaldsson í síma 869-0422.



JAFNLAJANVOTTUN
2023 - 2026



Við leitum að starfsmanni í mötuneyti

Skinney - Þinganes hf. leitar að liðsauka í mötuneytið sitt á Höfn í Hornafirði. Starfið er tímabundið til 1 árs og felur starfið í sér aðstoð við matseld ásamt undirbúningi og frágangi í eldhúsi mötuneytisins.

Menntunar- og hæfiskröfur:

- Góður liðsfélagi með mikla aðlögunarhæfni
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Stundvísir og reglusemi
- Bílpróf æskilegt
- Þekking og reynsla í eldhúsi er kostur

Í anda jafnréttisstefnu Skinneyjar-Þinganes eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til þess að sækja um.

Áhugasamir eru beðnir um að senda starfsumsókn í tölvupósti til Guðrúnar Ingólfssdóttur, gudrun@sth.is

Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar um starfið hjá Óðni Eymundssyni í síma 470-8108.



JAFNLAJANVOTTUN
2023 - 2026